

**Ed.**

**373. Frumvarp til laga**

[165. mál]

um breyting á lögum nr. 7 3. febr. 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

3. gr. laganna orðist svo:

Af hundum búfjáreigenda skal greiða 30 króna skatt árlega. Einnig af minkahundum, dýrhundum og sporhundum, enda hafi verið veitt sérstakt leyfi til slíks hundahalds og þeir hundar hafðir í öruggri gæzlu. Af öðrum hundum greiðist 300 króna skattur árlega.

Skatturinn rennur í bæjar- eða sýslusjóð og innheimtist á manntalsþingi.

**Greinargerð.**

Sýslufundur Austur-Húnavatnssýslu gerði árið 1962 svo hljóðandi samþykkt: „Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að hún beiti sér fyrir hækkun hundaskatts, þannig að skattur af þarfahundum verði kr. 30.00 og af óþarfahundum kr. 300.00.“

Samþykkt þessi var send heilbrigðismálaráðuneytinu, sem sendi hana landbúnaðarráðuneytinu til umsagnar.

Landbúnaðarráðuneytið sendi Búnaðarfélagi Íslands erindið, sem lagði það fyrir búnaðarþing 1963, sem samþykkti eftirfarandi ályktun um það:

**„Ályktun:**

Búnaðarþing mælir með svofelldri breytingu á lögum nr. 7 frá 3. febr. 1953, um hundahald o. fl.:

3. gr. laganna orðist svo:

Af hundum búfjáreigenda skal greiða kr. 30.00 í skatt árlega. Einnig af minkahundum, dýrhundum og sporhundum, enda hafi verið veitt sérstakt leyfi til slíks hundahalds og þeir hundar hafðir í öruggri gæzlu. Af öðrum hundum greiðist 500 króna skattur árlega.“

Ályktun þessa sendi landbúnaðarráðuneytið heilbrigðismálaráðuneytinu með bréfi, dags. 15. marz 1963, og lýsti sig jafnframt samþykkt ályktuninni.

Samkvæmt lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7 3. febr. 1953, 5. gr., ber sveitarfélögum að sjá um hreinsun hunda til útrýmingar bandormum og greiða kostnað af hreinsuninni. Þykir ekki óeðlilegt, að hundaskatturinn sé ákveðinn það há, að hann standi nokkurn veginn undir hreinsunarkostnaðinum. Núgildandi skattur mun nema aðeins hluta af þeim kostnaði, sem sveitarfélögin verða fyrir vegna hundahreinsunarinnar. Er því lagt til, að núgildandi skattupphæðir verði tvöfaldaðar.